

BRENDA PREHAL

# *Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hrauna í Fljótum*



*Byggðasafn Skagfirðinga*

*Rannsóknaskýrslur*

*2022/255*

*Forsíðumynd: Hleðsla, horft til suðausturs.*



© Brenda Prehal/Byggðasafn Skagfirðinga  
2022/255

## Efnisyfirlit

|                               |    |
|-------------------------------|----|
| Inngangur                     | 1  |
| Tilgangur fornleifaskráningar | 2  |
| Aðferðarfræði                 | 3  |
| Fornleifaskrá                 | 5  |
| Samantekt                     | 8  |
| Fylgiskjöl                    | 10 |


## Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna lagningar nýs vegar nyrst í landi Hrauna í Fljótum að beiðni Þorsteins Guðmundssonar hjá Eleven Experience. Nýja veglínan er alls 700m að lengd og skráningarsvæðið miðast við fyrirliggjandi veglínu frá Kollgátu ehf. Eingöngu liggja fyrir upplýsingar um sjálfa veglínuna en ekki önnur vinnusvæði þar sem líkur eru á raski, s.s. vinnubúðir, vegslóða og fleira. Þannig má gera ráð fyrir að hættumat einstakra minja eða minjaheilda geti breyst þegar allar upplýsingar liggja fyrir.

Í skýrslunni er yfirlit yfir fornleifar sem skráðar voru á vettvangi og í lokin eru niðurstöður skráningarinnar teknar saman. Í viðauka er hnitaskrá og yfirlitskort yfir skráningarsvæðið. Skráning á vettvangi fór fram 5. ágúst 2022.

Vettvangsvinna, úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Brendu Prehal fornleifafræðings.

**Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2791**



Mynd 1. Yfirlitsmynd. Skráningarsvæðið er afmarkað með grænu. Útbrún fyrirhugaðs vegar er afmörkuð með bláu. Veglinan er fengin frá Kollgátu ehf.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.<sup>1</sup> Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

## Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar, auk hlaupandi númers. Til dæmis fær meint tóft í landi Hrauna númerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [Hraun 2791-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

---

<sup>1</sup> Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is). Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum fyrirbyggjandi framkvæmda vegna vegagerðar í landi Hrauna í Fljótum.

Á vettvangi var skráð 100m breitt svæði til hvorrar handar, frá miðlínu vegar. Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni um 1m í skekkju.

Yfirlitskort er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: hlutverk, tegund, ástand, hættumat, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. skv. samningi við Sveitarfélagið Skagafjörð.

### **Hættumat**

Hættumat, þ.e. sú hættu sem minjum er talin stafa vegna framkvæmda, miðast jafnan við fjarlægð minja frá vegstæði. Þannig eru minjar sem eru nær vegstæðinu taldar líklegri til að verða fyrir raski en minjar í meiri fjarlægð. Hættumat er gefið í þremur flokkum: mikil hættu, hættu og engin hættu samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands (Minjastofnun Íslands, 2013). Minjar eru skráðar í mikilli hættu ef þær eru innan við 20m frá ætluðum útmörkum vegstæðis. Minjar í 20-40m fjarlægð eru metnar í hættu en minjar sem eru 40m eða meira frá útbrún eru almennt ekki taldar í hættu vegna framkvæmdanna. Staðsetning minja eða náttúrulegar aðstæður þeirra geta orðið til þess að minjar í minni fjarlægð frá framkvæmdasvæði eru ekki taldar í hættu.



## Fornleifaskrá

### Hraun 2791-1

**Hlutverk:** Smalakofi?, kuml?

**Tegund:** Hleðsla


**Hættumat:** Mikil hætta – um 6m austan frá miðlínu vegar.

#### Staðhættir

Grjóthleðsla er á smá hæð um 285m vestan við Siglufjarðarveg og um 135m norðan við Sauðá.

#### Lýsing

Grjóthleðslan er aflöng og snýr N-S. Hún er um 3,5x4m að utanmáli, allt að 70cm á hæð og mosagróin. Það er hrunið úr henni en hún hefur verið a.m.k. tvær steinaraðir á hæð.



*Mynd 2. Hleðsla 2791-1, horft til suðausturs.*

### Hraun 2791-2

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Mikil hætta - um 10,5m austan við miðlínu vegar.

#### Staðhættir

Varða er um 1,5m norðaustan við hleðslu [2791-1].

#### Lýsing

Varðan er um 80cm í þvermál og allt að 40cm á hæð. Hún er að mestu hrinin.



*Mynd 3. Varða 2791-2.*

### Hraun 2791-3

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Götur

**Hættumat:** Mikil hætta – í veglínu.

#### Staðhættir

Götur liggja tæplega 90m norðan við Sauðá og 200-250m vestan við Siglufjarðarveg.




*Mynd 4. Leið 2791-3, horft til austurs.*



## Lýsing

Göturnar liggja NV-SA á hrygg frá Sauða í átt að Hlöðnuvík. Þær eru djúpar og lynggrónar á köflum. Þær eru rúmlega 750m langar og út frá þeim kvíslast aðrar götur til suðvesturs.



Mynd 5. Minjar 2791-3-6.

### Hraun 2791-4

**Hlutverk:** Óþekkt, kuml?

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta – 35m austan frá útbrún vegar.

### Staðhættir

Grjóthleðsla er á smá hæð um 35m austan við vörðu [2791-2] og um 230m vestan við Siglufjarðarveg.

## Lýsing

Hleðslan er um 80cm x 200cm að utanmáli og um 30cm á hæð. Hún liggur NV-SA.



Mynd 6. Hleðsla 2791-4.

### Hraun 2791-5

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta – 38m austan frá útbrún vegar.

**Staðhættir**

Grjóthlaðin tóft er á smá hæð um 35m austan við vörðu [2791-2] og um 230m vestan við Siglufjarðarveg.



*Mynd 7. Tóft 2791-5, horft til norðvesturs.*

**Lýsing**

Tóftin er um 7x9m að utanmáli, að hluta grasi- og mosagróin og illgreinanleg. Hún liggur N-S, er hugsanlega tvískipt og hafa inngangar snúið mót norðri og suðri. Veggirnir eru allt að 1,5m á breidd og allt að 45cm á hæð. Suðurveggur er byggður upp við stóran stein. Hlutverk er óvíst.

**Hraun 2791-6**

**Hlutverk:** Óþekkt, kennimark

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Engin hætta – um 41m austan frá útbrún vegar.

**Staðhættir**

Varða er við vestanverðan suðurvegg hleðslu nr. [2791-5].



*Mynd 8. Varða 2791-6, horft til austurs.*

**Lýsing**

Varðan er um 60cm í þvermál og um 45cm á hæð. Hún er hlaðin upp við stóran stein og það er hrúnið úr henni.

**Hraun 2791-7**

**Hlutverk:** Óþekkt, kuml?

**Tegund:** Hleðsla, steinalögn

**Hættumat:** Engin hætta – um 99m vestan frá útbrún vegar.

**Staðhættir**

Grjóthleðsla/steinalögn er um 160m norðan við Sauða og um 410m vestan við Siglufjarðarveg.



*Mynd 9. Hleðsla 2791-7, horft til norðvesturs.*

## Lýsing

Grjóthleðslan/steinalögnin er hringlaga og um 4m í þvermál. Hún er um 30cm á hæð þar sem hún er hæst.

## Samantekt

Alls voru skráðar 7 minjar innan skráningarsvæðisins. Yfirlit yfir þessar minjar er að finna í töflu 1. Þær minjar sem skráðar voru á vettvangi tengjast flestar samgöngum, s.s. leiðir og vörður en einnig voru skráð nokkur möguleg kuml.

Skráningarsvæðið var utan túns, rúmlega 300m norðvestan við íbúðarhúsið á Hraunum. Þær minjar sem skráðar voru eru gata [2791-3], ein tóft [2791-5], þrjár hleðslur [2791-1, 2791-4, 2791-7] og tvær vörður [2791-2, 2791-6].

## Hættumat

Þrennar minjar sem skráðar voru innan skráningarsvæðis eru taldar í mikilli hættu og tvær eru í hættu vegna framkvæmda í tengslum við vegagerð. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir þessar minjar, tegund og hlutverk þeirra, hættumat og fjarlægð frá veglínu. Þar sem fornleifaskráning er fyrirliggjandi er hægt að taka tillit til minja við skipulag framkvæmda og tilheyrandi starfsemi. Í 22. gr. laga um menningarminjar (*nr. 80 29. júní 2012*) er skilgreint 15m friðhelgað svæði umhverfis friðaðar minjar (þ.e. minjar eldri en 100 ára), nema annað sé ákveðið. Allar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir til verndar minjum eru á höndum Minjastofnunar Íslands.

Tafla 1. Hættumat minja.

| Númer  | Hlutverk         | Tegund  | Hættumat    | Fjarlægð frá veglínu |
|--------|------------------|---------|-------------|----------------------|
| 2791-1 | Smalakofi, kuml? | Hleðsla | Mikil hætta | 6m                   |
| 2791-2 | Óþekkt           | Varða   | Mikil hætta | 10,5m                |
| 2791-3 | Leið             | Götur   | Mikil hætta | Í veglínu            |
| 2791-4 | Óþekkt, kuml?    | Hleðsla | Hætta       | 35m                  |
| 2791-5 | Óþekkt           | Tóft    | Hætta       | 38m                  |
| 2791-6 | Óþekkt           | Varða   | Engin hætta | 41m                  |

|        |               |                       |             |     |
|--------|---------------|-----------------------|-------------|-----|
| 2791-7 | Óþekkt, kuml? | Hleðsla,<br>steinalög | Engin hættu | 99m |
|--------|---------------|-----------------------|-------------|-----|

### Niðurlag


Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunnar.

# Fylgiskjöl



## Fornleifar á Hrauna í Fljótum – hnitaskrá

| Númer  | Jörð  | Hlutverk         | Tegund             | Aldur frá | Aldur til | Ástand         | Hættumat    | Austun | Norðun |
|--------|-------|------------------|--------------------|-----------|-----------|----------------|-------------|--------|--------|
| 2791-1 | Hraun | Smalakofi, kuml? | Hleðsla            | 800       | 1900      | Vel greinanleg | Mikil hætta | 496519 | 622663 |
| 2791-2 | Hraun | Óþekkt           | Varða              | 800       | 1900      | Greinanleg     | Mikil hætta | 496521 | 622666 |
| 2791-3 | Hraun | Leið             | Götur              | 800       | 1900      | Vel greinanleg | Mikil hætta | 496515 | 622655 |
| 2791-4 | Hraun | Óþekkt, kuml?    | Hleðsla            | 800       | 1900      | Greinanleg     | Hætta       | 496540 | 622696 |
| 2791-5 | Hraun | Óþekkt           | Tóft               | 800       | 1900      | Greinanleg     | Hætta       | 496543 | 622695 |
| 2791-6 | Hraun | Óþekkt           | Varða              | 800       | 1900      | Greinanleg     | Engin hætta | 496547 | 622692 |
| 2791-7 | Hraun | Óþekkt, kuml?    | Hleðsla, steinalög | 800       | 1900      | Greinanleg     | Engin hætta | 496406 | 622644 |



Yfirlitskort yfir minjar.